# Föstudagur 1. september



## SJÓNVARPIÐ

16.30 **Úrslitakeppni stigamóta í Mónakó.** Bein útsending frá Grand Prix úrslitakeppninni í frjálsum íþróttum í Mónakó. Meðal þátttakenda í spjótkasti eru Einar Vilhjálmsson og Sigurður Einarsson.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Kartan og froskurinn** (Frog and Toad Together). Bandarísk brúðumynd. Þýðandi Þórdís Bachmann.
19.15 **Minningartónleikar frá Varsjá.** Bein útsending frá Óperunni í Varsjá þar sem minnst er að 50 ár eru liðin frá innrás Þjóðverja í Pólland. Dagskráin er unnin í samvinnu pólskra, þýskra, breskra og austurrískra sjónvarpsstöðva. Meðal þeirra sem koma fram eru Jóhannes Páll II. páfi, Leonard Bernstein og Liv Ullman. Einnig mun hljómsveit pólska ríkisútvarpsins flytja verk eftir Bernstein, Mahler og Beethoven, ásamt kór sem er samsettur af söngvurum úr drengjakórum frá 20 löndum er tóku þátt í seinni heimsstyrjöldinni.
21.00 **Fréttir og veður.**
21.20 **Heimsstyrjöldin síðari – litið til baka** (World War II Revisited). Þýskur heimildarþáttur um síðari heimsstyrjöldina. Umsjónamaður er Henry Kissinger, fyrrum utanríkisráðherra Bandaríkjanna. Þýðandi Þorsteinn Þórhallsson. Þulur Jón O. Edwald.
22.50 **Fornar ástir og nýjar** (Dreams Lost Dreams Found). Bresk sjónvarpsmynd um bandaríska ekkju sem flyst á ættarsetur forfeðra sinna í Skotlandi. Reimt hefur verið í húsinu í 200 ár og unga ekkjan sér fram á að löngu liðnir atburðir muni endurtaka sig. Leikstjóri Willi Patterson. Aðalhlutverk Kathleen Quinlan og David Robb. Þýðandi Kristrún Þórðardóttir.
0.30 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

16.45 **Santa Barbara**
17.30 **Sitthvað sameiginlegt,** Something in Common. Það er bæði rómantík og gamansemi í þessari eftirmiðdagsmynd. Fjallar hún um ekkju sem býr með tvítugum syni sínum. Sambúð þeirra hefur gengið með miklum ágætum þar til drengurinn er sendur á matreiðslunámskeið. Þar kynnist hann konu sem er fráskilin og á auk þess tvö börn. Aðalhlutverk: Ellen Burstyn, Tuesday Weld, Patrick Cassidy, Don Murray og Eli Wallach.
19.00 **Myndrokk.**
19.19 **19:19.** Frétta- og fréttaskýringaþáttur ásamt umfjöllun um þau málefni sem ofarlega eru á baugi.
20.00 **Óþolinmóði sjúklingurinn.** Daffi önd fær ógurlegan hiksta og leitar sér lækninga.
20.15 **Ljáðu mér eyra . . .** Fréttir út tónlistarheiminum, nýjustu kvikmyndirnar kynntar og viðtöl við erlenda sem innlenda tónlistarmenn. Umsjón: Pia Hansson.
20.50 **Bernskubrek,** The Wonder Years. Bandarískur gamanmyndaflokkur fyrir alla fjölskylduna. Aðalhlutverk: Fred Savage, Danica McKellar o.fl.
21.20 **Börn á barmi glötunar.** Toughlove. Sautján ára stráklingur er djúpt sokkinn í eiturlyf. Honum hefur hins vegar tekist að halda þessum ávana sínum leyndum fyrir fjölskyldunni með því að lifa í lygavef. Aðalhlutverk: Lee Remick, Bruce Dern, Piper Laurie og Jason Patrick.
23.00 **Alfred Hitchcock.** Þessir vinsælu sakamálaþættir, sem gerðir eru í anda þessa meistara hrollvekjunnar, verða á dagskrá alla föstudaga í septembermánuði.
23.25 **Heimsbikarmótið í skák.** Páll Magnússon, fréttastjóri Stöðvar 2, sér um daglegar sjónvarpsútsendingar frá mótinu sem fram fer í Skellefta í Svíþjóð.
23.45 **Hausaveiðarar,** The Scalphunters. Þetta er alvöru vestri með fullt af hörkuáflogum, gríni og indíánum. Kúreki, sem man ekki alveg sinn fífil fegurri, ferðast um með fyrrverandi þræl. Reyndar eru þeir að elta óaldargengi sem veður uppi og höfuðflettir indíána sér til ánægju. Aðalhlutverk: Burt Lancaster, Shelley Winters, Telly Savalas og Ossie Davis. Leikstjóri: Sydney Pollack. Bönnuð börnum.
1.25 **Sendiráð,** Embassy. Yfirmaður bandaríska sendiráðsins í Róm og ástkona hans komast á slóð hryðjuverkamanna og njósnara. Aðalhlutverk: Nick Mancuso Mimi Rogers og Richard Masur. Bönnuð börnum.
3.05 **Dagskrárlok.**

## Rás I FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn. Séra Arnfríður Guðmundsdóttir flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið** með Ingveldi Ólafsdóttur. Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15. Fréttir á ensku að loknu fréttayfirliti kl. 7.30. Lesið úr forustugreinum dagblaðanna að loknu fréttayfirliti kl. 8.30.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Litli barnatíminn:** Júlíus Blom veit sínu viti eftir Bo Carpelan. Gunnar Stefánsson les þýðingu sína (4). (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
9.20 **Morgunleikfimi** með Halldóru Björnsdóttur.
9.30 **Landpósturinn** – Frá Austurlandi. Umsjón: Haraldur Bjarnason.
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Aldarbragur.** Umsjón: Helga Guðrún Jónasdóttir. Lesari: Ólafur Haraldsson. (Einnig útvarpað kl. 21.00 næsta mánudag.)
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Hanna G. Sigurðardóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar. Tónlist.
13.05 **Í dagsins önn.** Umsjón: Anna M. Sigurðardóttir.
13.35 **Miðdegissagan:** Ein á ferð og með öðrum eftir Mörthu Gellhorn. Anna María Þórisdóttir þýddi. Sigrún Björnsdóttir les (8).
14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
14.05 **Ljúflingslög.** Svanhildur Jakobsdóttir kynnir. (Einnig útvarpað aðfaranótt miðvikudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Hvert stefnir íslenska velferðarríkið?** Fyrsti þáttur af fimm um lífskjör á Íslandi. Umsjón: Einar Kristjánsson. (Endurtekinn þáttur frá miðvikudagskvöldi.)
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin.** Dagskrá.
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið** – Glens og grín á föstudegi. Umsjón: Kristín Helgadóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi** – Tsjaíkovskí, Waldteufel, Offenbach, Satie og Weill.
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Einnig útvarpað að loknum fréttum kl. 22.07.)
18.10 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Einnig útvarpað í næturútvarpi aðfaranótt mánudags kl. 4.40) Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Kviksjá.** Umsjón: Ragnheiður Gyða Jónsdóttir.
20.00 **Litli barnatíminn:** Júlíus Blom veit sínu viti eftir Bo Carpelan. Gunnar Stefánsson les þýðingu sína (4.) (Endurtekinn frá morgni.)
20.15 **Lúðraþytur.** Skarphéðinn Einarsson kynnir lúðrasveitartónlist
21.00 **Sumarvaka.** a. Melgrasskúfurinn harði, Stefán Júlíusson flytur frásöguþátt um Gunnlaug Kristmundsson sandgræðslustjóra. Fyrri hluti. b. Tónlist. c. Í Napólí Jón Þ. Þór les ferðaþátt eftir Tómas Sæmundsson. Umsjón: Gunnar Stefánsson
22.00 **Fréttir.**
22.07 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Endurtekinn frá sama degi.)
22.15 **Veðurfregnir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.30 **Danslög.**
23.00 **Kvöldskuggar.** Þáttur í umsjá Jónasar Jónassonar.
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Samhljómur.** Umsjón: Hanna G. Sigurðardóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
01.00 **Veðurfregnir.**
01.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

## Rás 2 FM 90,1

7.03 **Morgunútvarpið:** Vaknið til lífsins!. Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum. Fréttir kl. 8.00, veðurfregnir kl. 8.15 og leiðarar dagblaðanna kl. 8.30.
9.03 **Morgunsyrpa.** Eva Ásrún Albertsdóttir.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Milli mála.** Magnús Einarsson á útkíkki og leikur nýju lögin. Hagyrðingur dagsins rétt fyrir þrjú og Veiðihornið rétt fyrir fjögur.
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp.
18.03 **Þjóðarsálin,** þjóðfundur í beinni útsendingu, sími 91-38 500.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.32 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
20.30 **Í fjósinu.** Bandarískir sveitasöngvar.
21.30 **Kvöldtónar.**
22.07 **Síbyljan.** Sjóðheitt dúndurpopp beint í græjurnar. (Endurtekinn frá laugardegi.)
00.10 **Snúningur.** Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir ber kveðjur milli hlustenda og leikur óskalög.
02.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

**NÆTURÚTVARP**

02.00 **Fréttir.**
02.05 **Rokk og nýbylgja.** Skúli Helgason kynnir. (Endurtekið frá mánudagskvöldi.)
03.00 **Næturrokk.** Fréttir kl. 4.00.
04.30 **Veðurfregnir.**
04.35 **Næturnótur.**
05.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
05.01 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
06.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
06.01 **Á frívaktinni.** Þóra Marteinsdóttir kynnir óskalög sjómanna. (Endurtekinn þáttur frá mánudegi á rás 1.)
07.00 **Morgunpopp.** Svæðisútvarp Norðurlands kl. 8.10–8.30 og 18.03–19.00. Svæðisútvarp Austurlands kl. 18.03–19.00

## FM 98·9 BYLGJAN

7.00 **Páll Þorsteinsson.** Stírurnar þurrkaðar úr augunum og gluggað í landsmálablöðin og gömlu slagararnir spilaðir.
10.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Lætur daginn líða fljótt með góðri tónlist, það er nú einu sinni föstudagur í dag.
14.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Tónlist, afmæliskveðjur og óskalög í massavís.
17.00 **Hallgrímur Thorsteinsson – Reykjavík síðdegis.** Einn vinsælasti útvarpsþátturinn í dag því hér fá hlustendur að tjá sig. Síminn er **61-11-11.**
19.00 **Hafþór Freyr Sigmundsson.** Kominn í dansdressið og hitar upp fyrir kvöldið.
20.00 **Íslenski listinn.** Stjórnandi: Pétur Steinn Guðmundsson.
22.00 **Haraldur Gíslason.** Óskadraumur ungu stúlkunnar í ár er kominn á vaktina. Óskalög og kveðjur í síma **61-11-11.**
3.00 **Næturvakt Bylgjunnar.**
**Fréttir á Bylgjunni kl. 8, 9, 10, 11, 12, 13, 14, 15, 16, 17 og 18.**

## Stjarnan FM 102,2 & 104

7.00 **Þorgeir Ástvaldsson.** Fjallað er um menn og málefni líðandi stundar, bæði í alvarlegum jafnt sem gamansömum dúr. **Fréttir kl. 8 og 10 og Stjörnuskot kl. 9.**
9.00 **Gunnlaugur Helgason** syngjandi skemmtilegur á morgnana. Getraunir, hádegisverðarpotturinn alltaf á sínum stað **og auðvitað er fylgst með Bibbu í heimsreisunni. Alltaf á vakt, fréttir kl. 12 og 14. Stjörnuskot kl. 11 og 13.**
14.00 **Margrét Hrafnsdóttir.** Allir að komast í helgarstuð og tónlistin valin í samræmi við það. Stjörnuskáldið á sínum stað. Eftir sexfréttir geta hlustendur tjáð sig um hvað sem er í 30 sekúndur. Síminn er sem fyrr **681900. Fréttir á slaginu 16 og 18. Stjörnuskot kl. 15 og 17.**
19.00 **Snorri Sturluson.** Errekki obboslega dýrt oní? Onei, það kostar ekkert að hlusta á Snorra sem er kominn í stuð.
22.00 **Haraldur Gíslason.** Það er ekkert sem stöðvar **Halla** þegar hann er kominn á stað, óskalög og kveðjur í **611111.**
3.00 **Næturvakt Stjörnunnar.**

## ÚTRÁS FM 104,8

12.00 **Ókynnt tónlist.**
16.00 **Kvennó.**
18.00 **MH.**
20.00 **FG.**
22.00 **MK.**
24.00 **Næturvakt Útrásar.** Óskalög & kveðjur s: 680288.
4.00 **Dagskrárlok.**

## EFF EMM 95,7

7.00 **Hörður Arnarson.**
9.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
11.00 **Steingrímur Ólafsson.**
13.00 **Hörður Arnarson.**
15.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
17.00 **Steingrímur Ólafsson.**
19.00 **Anna Þorláks.**
22.00 **Þorsteinn Högni Gunnarsson.**
1.00 **Sigurður Ragnarsson.**
3.00 **Nökkvi Svavarsson.**

## Rót ÚTVARP FM 106·8

9.00 **Rótartónar.**
14.00 **Tvö til fimm** með Friðrik K. Jónssyni.
17.00 **Geðsveiflan.** Tónlistarþáttur í umsjá Alfreðs J. Alfreðssonar.
19.00 **Raunir** Reynis Smára.
20.00 **FÉS.** Unglingaþáttur í umsjá Björns Inga Hrafnssonar og Þóris Jónssonar.
21.00 **Gott bít.** Tónlistarþáttur með Kidda kanínu og Atóm-Geira.
23.30 **Rótardraugar.** Lesnar draugasögur fyrir háttinn.
24.00 **Næturvakt.**

## SKY CHANNEL

4.30 **Viðskiptaþáttur.**
5.00 **The DJ Kat Show.** Barnaefni.
7.30 **The Panel Pot Pourri.** Skemmti- og leikjaþáttur.
9.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
9.30 **Sky by Day.** Fréttaþáttur.
10.30 **A Problem Shared.** Fræðsluþáttur.
11.00 **Another World.** Sápuópera.
11.55 **General Hospital.**
12.50 **As the Worlds Turns.** Sápuópera.
13.45 **Loving.**
14.15 **The Lucy Show.** Gamanþáttur.
14.45 **Sylvanians.** Teiknimynd.
15.00 **Poppþáttur.**
16.00 **The Young Doctors.**
16.30 **Three's Company.** Gamanþáttur.
17.00 **Sky Star Search.** Hæfileikakeppni.
18.00 **Sale of the Century.** Getraunaþáttur.
18.30 **Black Sheep Squadron.** Spennuflokkur.
19.30 **The Call of The Wild.** Kvikmynd.
21.30 **Jameson Tonight.** Rabbþáttur
22.30 **B.B. King.** Tónlistarþáttur.

## SKY MOVIES

13.00 **The Man from Button Willow.**
14.30 **Peter and the Wolf.**
15.00 **The House of Dies Drear.**
17.00 **Short Circuit.**
19.00 **Tin Men.**
21.00 **For Those I Loved, part 1.**
22.45 **The Annihilators.**
00.15 **The Hitchhiker.**
00.45 **Flesh and Blood.**
03.00 **Short Circuit.**

## EUROSPORT

9.00 **Snóker.** Opna Asíumótið.
10.00 **Ástralski fótboltinn.**
11.00 **Siglingar.** Stórmót sem byrjar í Hamborg og endar í Toulon.
11.00 **Rugby.** Bretar á keppnisferðalagi í Ástralíu.
12.00 **Skíði.** Keppni í svigi og stórsvigi karla í Ástralíu.
14.00 **Frjálsar íþróttir.** Lokastigamótið í Monte Carlo.
15.00 **Motor Mobil Sport News.** Fréttatengdur þáttur um kappakstur.
15.30 **Surfer Magazine.** Brimbrettaþáttur frá Hawaii.
16.00 **Snóker.** Opna Asíumótið.
17.00 **Frjálsar íþróttir.** Lokastigamótið í Monte Carlo.
20.00 **Hafnabolti.** Leikur í amerísku deildinni. 21.00 **Rugby.** Ástralska deildin.
22.00 **Snóker.** Opna Asíumótið.

## SUPER CHANNEL

13.30 **Off the Wall.** Poppþáttur.
14.30 **Hotline.**
16.30 **The Global Chart Show.** Tónlistarþáttur.
17.30 **Foley Square.**
18.00 **Ferðaþáttur.**
18.25 **Hollywood Insider.**
18.50 **Transmission.**
19.45 **Fréttir og veður.**
20.00 **Fegurðarsamkeppni.** Ungfrú Noregur.
21.00 **Tom Petty.** Tónleikar.
22.00 **Fréttir, veður og popptónlist.**

### Stöð 2 kl. 21.20:

# Börn á barmi glötunar



Jason Patric leikur ungan eiturlyfjasjúkling í Börn á barmi glötunar.

Börn á barmi glötunar (Thoughlove) fjallar um ungling sem verður eiturlyfjaneytandi og þau vandamál sem þau skapa fyrir hann og fjölskyldu hans.

Yfirkennarinn Rob Charters og eiginkona hans, Jan, eru fyrirmyndarforeldrar og yngsti sonur þeirra, Scott, er fyrirmyndarsonur en eldri sonurinn, Gary, er aftur á móti háður eiturlyfjum. Foreldrarnir komast að því þegar tekið er af honum marijúana í skólanum. Gary hafði getað leynt þessum hættulega ávana sínum með lygum. Áfallið er mikið fyrir fyrirmyndarfjölskylduna og í fyrstu neitar faðirinn að trúa að sonurinn sé eiturlyfjaneytandi. Móðirin fer aftur á móti á meðferðarnámskeið fyrir foreldra þar sem henni eru kynntar strangar reglur til að fara eftir. Ekki vill samt faðirinn hlíta þeim reglum og virðist á tímabili sem fjölskyldan sé að splundrast.

Börn á barmi glötunar er ein af mörgum myndum, sem gerðar eru í Bandaríkjunum þar sem eiturlyfjaneysla unglinga er hvað mest, sem er bæði til að sýna fram á skaðsemi neyslu á eiturlyfjum og bjargráð fyrir foreldra. Aðalhlutverkin leika úrvalsleikararnir Lee Remick og Bruce Dern.

-HK



Leonard Bernstein mun meðal annars stjórna pólsku sinfóníuhljómsveitinni í verki sínu, Chichester- sálmurinn.

### Sjónvarp kl. 19.15:

# Minningartónleikar frá Varsjá

Breytingar verða á hefðbundnum útsendingartíma Sjónvarpsins í kvöld vegna beinnar útsendingar frá minningartónleikum í óperunni í Varsjá. Minningartónleikar þessir eru haldnir í tilefni þess að í dag eru 50 ár liðin frá innrás Þjóðverja í Pólland en með þeirri innrás hófst síðari heimsstyrjöldin.

Á tónleikum þessum koma fram margir heimsfrægir listamenn, auk þess sem Jóhannes Páll páfi II mun flytja áður upptekið ávarp. Meðal þeirra sem koma fram eru Leonard Bernstein og Liv Ullman. Verk verða flutt eftir Schönberg, Penderecki, Chopin, Mahler, Beethoven og Leonard Bernstein. Þá mun Bernstein hefja tónleikana á að lesa hluta af ljóði W.H. Auden, September 1. 1939, og Liv Ullman mun lesa texta við verk Schönbergs, Warsaw Survivor. -HK



Burt Lancaster og Ossie Davis leika tvo ólíka kúreka sem eltast við bófaflokk í Hausaveiðurunum.

### Stöð 2 kl. 23.45:

# Hausaveiðararnir

Burt Lancaster leikur aðalhlutverkið í gamansömum vestra frá 1968 sem sýndur verður í kvöld. Leikur hann þar gamlan og reyndan kúreka sem ásamt fyrrverandi þræli fer að eltast við bófaflokk sem hefur það takmark að drepa alla indíána og höfuðfletta þá. Ekki fer mikið fyrir vinskapnum hjá þeim félögum. Oft koma upp deilumál milli þeirra og þá eru hnefarnir óspart notaðir til að útkljá málin.

Burt Lancaster hefur leikið í mörgum góðum og þekktum vestrum. Hann er einn af þeim leikurum sem eru eins og skapaðir fyrir hnakkinn. Í Hausaveiðurunum er kannski reynt of mikið að gera gamanmynd úr efnivið sem hefði átt að vera hreinn og klár vestri. Lancaster hefur því oft verið betri, en aðrir leikarar fara ágætlega með sín hlutverk þótt stundum sé langt í gamanið. -HK